

Samþykkt um vinnuferil mála hjá Skipulags- og byggingafulltrúa Stykkishólmsbæjar er varðar dagsektir.

Dagsektarákvæðum skal beitt þegar að önnur úrræði hafa ekki gefist. Dagsektarákvæðum er beitt samkvæmt 2.9.2 gr. byggingareglugerðarinnar nr. 112/2012 m.s.br.

2.9.2 gr. Aðgerðir til að knýja fram úrbætur.

Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa er heimilt að beita dagsektum allt að 500.000 kr. til að knýja menn til þeirra verka sem þau skulu hlutast til um samkvæmt lögum um mannvirki eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim, eða láta af ólögumætu atferli. Dagsektir sem byggingarfulltrúi leggur á renna í sveitarsjóð en í ríkissjóð ef Mannvirkjastofnun leggur þær á.

Byggingarfulltrúi og Mannvirkjastofnun geta látið vinna verk, sem þau hafa lagt fyrir að unnið skyldi, á kostnað þess sem vanrækt hefur að vinna verkið.

Dagsektir og kostnað skv. 2. og 3. mgr. má innheimta með fjárnámi og hefur sveitarfélag eða eftir atvikum ríkið lögveð fyrir kröfu sinni í hinu ófullgerða mannvirki, byggingarefni og lóð sem um ræðir.

Upphæðir dagsekta eru 3 flokkar og miðast við byggingavísitölu júní 2013 sem er 118,2 stig og uppfærast eftir byggingarvísitölu útgefinni frá Hagstofu Íslands hverju sinni. Fjórdi flokkur er opinn og ákvarðaður hverju sinni eftir umfangi efnis af skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar.

Eftirfarandi gjaldflokkar eru til viðmiðunar:

- | | |
|----------------|---|
| Gjaldflokkur 1 | 10.000 kr./dagurinn: (Léleg umhirða húss og/eða lóðar. Annað af sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa). Frágangi á umhverfi eða viðhaldi húss eða lóðar ábótavant og af því stafar hætta eða telst skaðlegt heilsu að mati byggingarfulltrúa sbr. 2.9.2.gr. byggingareglugerðar. |
| Gjaldflokkur 2 | 20.000 kr./dagurinn: Lausafjármunir sem staðið hafa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra muna. Gámar án leyfis inn á lóðum og annars staðar svo og trillur og bátar, stór samkomutjöld, torgsöluhús og frístundahús í smíðum. Annað af sambærilegu umfangi umbeðið af byggingarfulltrúa, sbr. 2.6.1 gr. byggingareglugerðar. |
| Gjaldflokkur 3 | 30.000 kr./dagurinn: Bygging hafin án leyfis. Ekki byggt eftir samþykktum uppdráttum og vanrækt að að láta fara fram úttektir samkvæmt lögum um mannvirki og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim. Einnig ef notkun mannvirkis er breytt án samþykkis byggingarfulltrúa eða ef notkun brýtur í bága við skipulag, sbr. 2.9.2 gr. byggingareglugerðar. |
| Gjaldflokkur 4 | Dagsektarupphæð sem skipulags- og byggingarnefnd ákveður hverju sinni, eftir umfangi máls og sem sent er í bæjarstjórn til samþykktar, sbr. 2.9.2 gr. byggingareglugerðar. |

Ferill dagsektarmála hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar:

- Skipulags- og byggingarfulltrúi skrifar bréf og bendir á það sem aflaga hefur farið hjá viðkomandi. Kynnir tillögu til úrbóta og setur inn tímaákvæði, dagsektir og hefur andmælafrest frá birtingu bréfs. Bréf skal sett í birtingapóst.
- Birting hefur tekist til viðkomandi og andmælafrestur 14 dagar skráðir í skráningakerfi embættismanns.
- Andmælafrestur liðinn. Málið sett á dagskrá skipulags- og bygginganefndar.
- Skipulags- og bygginganefnd fer yfir andmæli og samþykkir aðgerðir.
- Bæjarstjórn samþykkir og staðfestir aðgerðir um 14 daga tímafrest og dagsektarákvæði.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi tilkynnir þolenda niðurstöður með birtingapósti.
- Birting tekst og tímafrestur 14 dagar skráður frá degi birtingar í vaktkerfi embættisins.
- Dagsektir byrja að falla. Reikningur gerður á tveggja vikna fresti.
- Uppboð eða fjarnám.

Vinnureglur voru samþykktar í skipulags- og byggingarnefnd nr. 161 – 24.06.2013 og í bæjarstjórn nr. 298 – 20.08.2013.

Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri.